

þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim tíma til dómsuppsögudags og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Diðrik Helgason múrarameistari og dr. Óttar P. Halldórsson prófessor.

Uppsaga dómsins hefur dregist nokkuð vegna réttarhlés og utanfarar annars meðdómenda.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Steypustöðin h/f, greiði stefnanda, Jóni Fr. Sigvaldasyni, kr. 99.250.00 með 31% ársvöxtum frá 19. apríl 1980 til 1. júní s. á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 14. október s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. júní 1983.

Nr. 61/1983. **Haukur Leósson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson)

Framkvæmdasjóði Íslands

(enginn)

Landsbanka Íslands

(enginn)

Útvegsbanka Íslands

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Sparisjóði vélstjóra

(enginn)

Jóni Magnússyni

(Benedikt Sveinsson hrl.)

Boga Ingimarssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Guðmundi Jónssyni

(Hákon Árnason hrl.)

Magnúsi Fr. Árnasyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Ara Ísberg

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Ölufélaginu Skeljungu h/f

(Gestur Jónsson hrl.)

Huxley Ólafssyni

(Hákon Árnason hrl.)

Diðrik Sigurðssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Reinholt Kristjánssyni

(enginn)

Jóni Ingólfssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Hirti Torfasyni

(sjálfur)

Einari Bergmann

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Péttri Valdimarssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Grétari Haraldssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Iðnaðarbanka Íslands h/f

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Hörpu h/f

(enginn)

Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f

(enginn)

Gunnari Sæmundssyni

(sjálfur)

Sveini Finnssyni f. h. dánarbús

Baldvin K. Sveinbjörnssonar

(enginn)

Einari Sigurðssyni

(enginn)

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Þórarni Árnasyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Tómasi Zoëga

(Benedikt Sveinsson hrl.)

og Jónasi Gústavssyni borgarfógeta

(sjálfur).

Uppboðsgerð staðfest. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Með dómi 21. febrúar 1983 var því máli vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1983 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krefst þess aðallega, „að hinni áfrýjuðu uppboðsgerð verði hrundið og synjað verði um framgang hennar að öllu leyti, en til vara, að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar.“

Áfrýjandi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu Gjaldheimtan í Reykjavík, Útvegsbanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands h/f, Olíufélagið Skeljungur h/f, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Jón Magnússon, Bogi Ingimarsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Fr. Árnason, Ari Ísberg, Huxley Ólafsson, Diðrik Sigurðsson, Jón Ingólfsson, Einar Bergmann, Pétur Valdimarsson, Grétar Haraldsson, Gunnar Sæmundsson, Þórarinn Árnason og Tómas Zoëga krefjast staðfestingar hins áfrýjaða uppboðs og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, sem sækir þing af hálfu handhafa veðskuldabréfs, útgefins 1. ágúst 1977, upphaflega að fjárhæð 1.200.000 gkr. og tryggðs með 5. veðrétti í fasteigninni Viðjugerði 8, krefst sýknu af kröfum áfrýjanda.

Af hálfu Framkvæmdasjóðs Íslands, Landsbanka Íslands, Sparisjóðs vélstjóra, Reinholds Kristjánssonar, Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f, Sveins Finnssonar f. h. dánarbús Baldvins Kr. Sveinbjörnssonar og Einars Sigurðssonar hefur ekki verið sótt þing.

Fram er komið, að Harpa h/f hefur fengið uppboðskröfu sína greidda, og hefur uppboðsbeiðni hennar verið afturkölluð.

Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður sótti þing óstefndur og krafðist staðfestingar hinnar áfrýjuðu uppboðsgerðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Jónas Gústavsson borgarfógeti hefur komið fyrir Hæstarétt. Hann krefst sýknu af málskostnaðarkröfu áfrýjanda.

Síðari hluta árs 1979 og til 4. september 1980 bárust yfirborgar-fógetanum í Reykjavík 5 beiðnir um nauðungaruppboð á fasteigninni Viðjugerði 8 hér í borg, sem er eign áfrýjanda. Þann dag var tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur „að selja við nauðungaruppboð Viðjugerði 8, eigandi Haukur Leósson, eftir kröfu Helga V. Jónssonar o. fl.“ Lágu þá frammi uppboðsbeiðnir frá Helga V. Jónssyni hæstaréttarlögmanni vegna Sparisjóðs vélstjóra, Útvegsbanka Íslands og Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni vegna Diðriks Sigurðssonar auk beiðna, sem síðar hafa verið afturkallaðar.

Í réttinum voru mættir af hálfu uppboðsbeiðenda Þorvaldur Lúðvíksson og Jóhann Gíslason, en eigandi eignarinnar var ekki viðstaddur.

Sala var ákveðin á eigninni sjálfri „29. 10. (sic) kl. 15:00“ að undangenginni auglýsingu í dagblöðunum.

Uppboðsmálið var næst tekið fyrir 2. apríl 1981.

Var þá m. a. bókað:

„Uppboðið var auglýst í 38. (sic), 60. og 64. tbl. Lögbirtingablaðs 1980 og í dagb. Vísi. . . .

Eigandi eignarinnar er mættur . . .

Þessi boð komu fram: Kr. 500.000.00 Grétar Haraldsson hrl. . . .

Fleiri boð komu ekki fram. . . .

Mættur Haukur Leósson biður um, að fram fari annað og síðasta uppboð, og fer það fram hér á sama stað í júní n. k. uppboðsdagur ákveðinn síðar og þá auglýstur á venjulegan hátt.“

Enn bárust yfirborgarfégetanum beiðnir um nauðungaruppboð á þessari sömu fasteign til 22. september 1981. Þann dag fór áfrýjandi þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að sér yrði veitt heimilt til greiðslustöðvunar í allt að þrem mánuðum samkvæmt ákvæðum II. kafla gjaldþrotalga nr. 6/1978. Með úrskurði sama dag varð skiptaráðandinn við beiðni áfrýjanda. Að ósk áfrýjanda ákvað skiptaráðandinn með úrskurði 21. desember 1981, að heimild til greiðslustöðvunar skyldi framlengd í allt að tveim mánuðum.

Hinn 23. mars 1982 var haldið annað og síðasta uppboð á eigninni samkvæmt ákvörðun í uppboðsrétti 2. apríl 1981.

Í þinghaldi þessu var m. a. bókað:

„Við fyrstu fyrirtöku uppboðs þessa í uppboðsrétti þann 4. september 1980 var ákveðin sala, sem fram skyldi fara þann 29. september sama ár.

Samkvæmt beiðni uppboðspola og með samþykki allra uppboðsbeiðenda var því sölupingi frestað fjórum sinnum utan réttar, síðast til 2. apríl 1981.

Á því uppboðsþingi kom fram eitt boð í eignina, kr. 500.000.00 frá Grétari Haraldssyni hrl.

Eftir beiðni uppboðspola var ákveðið, að fram færi annað og síðara uppboð á eigninni í júnímánuði 1981, en því sölupingi síðan frestað utan réttar samkvæmt beiðni uppboðspola og með samþykki uppboðsbeiðenda til 25. september 1981.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur fékk uppboðspoli þann 21. september 1981 heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði og síðan heimiluð greiðslustöðvun í aðra tvo mánuði með úrskurði skiptaréttar, dags. 21. desember 1981.

Að lokinni greiðslustöðvun var ákveðið, að sala á eigninni færi fram í dag.

Uppboðið var auglýst í dagblaðinu Vísi og í Morgunblaðinu. . . .

Uppboðspoli Haukur Leósson er sjálfur mættur og með honum Árni Grétar Finnsson, hrl., sem óskar eftir því við uppboðsbeiðendur, að þeir veiti frest á uppboði þessu, en uppboðsbeiðendur samþykkja ekki frestun á uppboðinu. . .“

Hæsta boð í eignina, kr. 2.400.000.00, kom frá Kristni Sigurjóns-syni hæstaréttarlögmanni.

Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvörðun um framkomin boð.

Í uppboðsrétti Reykjavíkur hinn 5. apríl 1982 skyldi taka ákvörðun um framkomin boð í húseignina Viðjugerði 8 á uppboðsþinginu 23. mars. Var þá bókað:

„Mættur er í réttinum Kristinn Sigurjónsson hrl., sem var hæstbjóðandi á uppboðinu og bauð hann kr. 2.400.000.00.

Þá er einnig mættur í réttinum Tómas Zoëga lækni.

Mættur Kristinn Sigurjónsson hrl. lýsir því yfir, að hann framseljji mættum Tómasi Zoëga boð sitt í eignina, og Tómas lýsir því yfir, að hann yfirtaki boðið ásamt þeim skuldbindingum, sem uppboðsskilmálar leggja hæstbjóðanda á herðar.

Uppboðshaldari lýsti því yfir, að hann samþykkti ofangreint boð í hina seldu eign ásamt framsali þess til Tómasar Zoëga.

Mættur Tómas Zoëga greiðir í réttinum uppboðskostnað kr. 63.257.00 og kr. 416.743.00 upp í uppboðsverðið.“

Uppboðshaldarinn útbjó síðan frumvarp að úthlutunargerð uppboðsverðsins.

Í þinghaldi 3. júní 1982 lagði uppboðshaldarinn frumvarpið fram svo og bréf áfrýjanda, þar sem hann mótmælti fyrirhugaðri úthlutun og lýsti yfir, að hann hygðist áfrýja uppboðinu til Hæstaréttar. Las uppboðshaldarinn bréf áfrýjanda í réttinum, en þar voru mættir margir lögmenn, er uppboðshaldari nafngreinir. Þeir samþykktu allir úthlutunarfrumvarpið eins og það lá fyrir.

Var síðan m. a. bókað: „Vegna mótmæla Hauks Leóssonar verða þeir aðilar, sem gert hafa kröfu, sem sæta mótmælum hans, boðaðir til sérstaks réttarhalds síðar, og verður fyrirtökudagur ákveðinn síðar. . . .“

Hinn 7. júní 1982 var tekið fyrir í uppboðsréttinum að ganga frá uppgjöri uppboðsverðsins. Var þá bókað:

„Mættur er í réttinum Helgi Ólafsson f. h. Tómasar Zoëga og með honum Skarphéðinn Þórisson hrl.

Mættur Helgi býður fram greiðslu á eftirstöðvum uppboðsverðsins að svo miklu leyti sem það fær ekki að standa áfram veðtryggt í hinni seldu eign, en fyrir liggja yfirlýsingar frá mörgum veðhöfum,

þar sem þeir samþykkja, að kröfur þeirra megi hvíla áfram á eigninni.

Uppboðshaldari lætur þess nú getið, að honum hafi verið sýnd áfrýjunarstefna, þar sem uppboðinu er áfrýjað til Hæstaréttar, og sé því ekki hægt að gefa kaupanda afsal fyrir eigninni.

Við þessar aðstæður óskaði mættur Helgi eftir fresti til n. k. þriðjudags til að greiða eftirstöðvar uppboðsverðsins, og féllst uppboðshaldari á þann frest.“

Af hálfu áfrýjanda er á því byggt, að ekki hafi verið staðið rétt að undirbúningi hins áfrýjaða uppboðs og meðferð þess. Hafi uppboðssalan hinn 23. mars 1982 haft eitthvert sjálfstætt gildi, þá sé hún marklaus vegna þessa.

Er bent á, að uppboðshaldari hafi ekki tilkynnt áfrýjanda uppboðsbeiðnir, er þær bárust, svo sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949.

Frumvarp að uppboðsskilmálum hafi ekki legið fyrir fyrr en þremur dögum fyrir þingfestingu uppboðsmálsins og hafi uppboðshaldari ekki staðfest það með undirskrift sinni. Brjóti þetta í bága við ákvæði 22. gr. laga nr. 57/1949.

Þá er bent á, að Útvegsbanki Íslands sé uppboðsbeiðandi á grundvelli þriggja veðskuldabréfa, hvers að fjárhæð gkr. 1.000.000, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1949. Uppboðsheimild sé því ekki rétt lýst í auglýsingum í Lögbirtingablaði, þar sem hún sé sögð eitt veðskuldabréf að fjárhæð gkr. 3.000.000. Uppboðsauglýsing liggi ekki frammi í málinu, en hún sé ígild stefnu í almennu dómsmáli. Þá sé heldur ekki rétt, að Helgi V. Jónsson sé uppboðsbeiðandi, svo sem fram komi í bókunum uppboðsmálsins, enda sé Helgi ekki aðili málsins.

Þá sé ósannað, að uppboðshaldari hafi sent áfrýjanda uppboðsauglýsingu eða aðra tilkynningu um uppboðið, svo sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949. Hafi áfrýjandi, sem ekki var viðstaddur þingfestingu málsins, ekki, svo sannað sé, fengið tilkynningu um næsta þinghald, sem bókað sé, að átt hafi að fara fram 29. október. Hann hafi heldur ekki fengið tilkynningu um sölubíngið 2. apríl 1981, þó hann hafi þá verið viðstaddur, þar sem hann var á heimili sínu, er uppboðið fór fram.

Bent er á, að endurrit af bókunum málsins og skjöl þess beri með

sér, að veðbókarvottorð, sem sagt sé lagt fram við þingfestingu 4. september 1980, hafi ekki verið gefið út fyrr en 15 dögum síðar og lagt fram 2. apríl 1981. Bókanir málsins beri einnig með sér, að ekki hafi verið þingað í uppboðsmálin 29. október 1980 eða 29. september s. á., sem virðist hafa átt að vera fyrirtökudagur málsins samkvæmt bókun í þinghaldi 23. mars 1982, en málið næst tekið fyrir 2. apríl 1981 og eignin þá boðin upp. Ekki sé þá neitt skráð í þingbók um samhengi uppboðsins og þingfestingar 4. september 1980. Hafi það ekki verið fyrr en 23. mars 1982, er annað og síðasta uppboð skyldi fara fram, sem bókuð hafi verið frásögn af frestun málsins utan réttar, án þess að tilgreind væru forföll eða frestunin réttlætt með öðrum hætti.

Þá er talið ljóst af auglýsingum í Dagblaðinu Vísi 20. mars 1982 og Morgunblaðinu 21. s. m., að ekki hafi verið fullnægt ákvæði 3. mgr. 29, gr., sbr. 22. gr. laga nr. 57/1949. Skipti ekki máli, þó áfrýjandi hafi verið staddur á uppboðinu, því hann geti ekki fallið frá fresti, sem tilskilinn sé með þessum lagaákvæðum.

Einnig er talið ljóst, að uppboðshaldari hafi ekki verið búinn að samþykkja boð hæstbjóðanda, Kristins Sigurjónssonar, er það hafi verið framselt Tómasi Zoëga. Hafi Tómas ekki staðið við uppboðsskilmálana, því hann hafi aðeins greitt 1/6 hluta kaupverðsins og ekki boðið fram greiðslu á eftirstöðvum, fyrr en frestur til þess samkvæmt uppboðsskilmálunum var liðinn.

Enn fremur er á það bent, að bókanir málsins beri ekki með sér, að áfrýjandi, sem sé ólöglærður, hafi notið leiðbeiningar uppboðshaldara, svo sem skylt sé að lögum.

Loks er vakin athygli á, að í dómsgerðir málsins vanti fimm skjöl.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að þeir gallar séu á meðferð uppboðsmálsins, sem valdi ógildingu þess.

Uppboðshaldarinn, Jónas Gústavsson borgarfégeti, hefur fyrir Hæstarétti lýst gangi uppboðsmálsins.

Hann kveður þá venju hafa skapast við borgarfégetaembættið í Reykjavík, að tilkynningar til uppboðshóla um framkomnar uppboðsbeiðnir séu sendar í almennum pósti. Frumvörp að uppboðsskilmálum séu stöðluð og prentuð. Hafi frumvarp þannig útbúið legið frammi og síðan verið gefið út 1. september 1980, þegar engar athugasemdir hafi komið fram. Veðbókarvottorð, sem lagt hafi

verið fram við þingfestingu málsins, hafi glatast og því hafi nýtt veðbókarvottorð verið lagt fram, er næst var háð þing í málinu. Ákveðið hafi verið, að sala á eigninni færi fram 29. september 1980, og því sé um misritun að ræða í dómssgerðum, þar sem skráð sé „29. 10“. Ekki hafi orðið af sölu eignarinnar, því málinu hafi verið frestað utan réttar að beiðni áfrýjanda og með samþykki kröfuhafa, til þess að honum gæfist tími til að greiða úr fjárhagsvanda sínum.

Er annað og síðasta uppboð hafi verið ákveðið 23. mars 1982, hafi áfrýjanda verið tilkynnt um það með hraðbréfi og uppboðið auglýst í dagblöðum með venjulegum hætti. Uppboðshaldarinn kveðst hafa leiðbeint áfrýjanda við meðferð uppboðsmálsins, þótt ekki hafi það verið skráð í þingbók.

Fallast verður á það, að misbrestur hafi orðið á því, að gætt hafi verið ákvæða laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 við undirbúning og framkvæmd uppboðsins. Uppboðshaldari stóð ekki að tilkynningum til áfrýjanda um framkomnar uppboðsbeiðnir með þeim hætti, að hann tryggði sér sönnun fyrir þeim. Skjöl málsins bera það ekki með sér, að uppboðshaldari hafi tilkynnt áfrýjanda uppboðið, svo sem boðið er í 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949. Þá var málinu frestað fjórum sinnum milli þingfestingar 4. september 1980 og 2. apríl 1981 með ákvörðun uppboðshaldara utan réttar, án þess nokkur grein sé gerð fyrir þeim frestunum í þingbók, er uppboð fór fram 2. apríl 1981, og er fyrst sagt frá þeim með bókun í þinghaldi 23. mars 1982, án þess þó að þær séu réttlættar með forföllum eða á annan hátt.

Eins og að framan greinir, mætti áfrýjandi við uppboðið 2. apríl 1981 og fékk þá ákveðið annað og síðasta uppboð á eigninni. Einnig var hann viðstaddur þinghald á heimili sínu 23. mars 1982, er annað og síðasta uppboð var háð. Naut hann þar aðstoðar lögmanns. Átti hann kost á að koma að mótmælum gegn grundvelli uppboðsins og meðferð málsins hjá uppboðshaldara. Engin mótmæli komu þó fram af hans hálfu.

Þar sem svo var ástatt, og ekki er fram komið, að þeir annmarkar á meðferð uppboðsmálsins, sem að framan greinir, hafi valdið áfrýjanda réttarspjöllum, þykir ekki alveg næg ástæða til þess, að þeir eigi að valda ógildingu á nauðungarsölunni. Samkvæmt því og þar sem ekki hafa komið fram mótmæli gegn sjálfum uppboðs-

grundvellingum, verða kröfur stefndu teknar til greina og hin áfrýj-
aða uppboðsgerð staðfest.

Framangreindir gallar á málsmeðferð héraðsdómara eru að-
finnsluverðir.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða
stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík, Útvegsbanka Íslands, Iðnaðar-
banka Íslands h/f, Olíufélaginu Skeljungi h/f, Lífeyrissjóði starfs-
manna ríkisins, Jóni Magnússyni, Boga Ingimarssyni, Guðmundi
Jónssyni, Magnúsi Fr. Árnasyni, Ara Ísberg, Huxley Ólafssyni,
Diðrik Sigurðssyni, Jóni Ingólfssyni, Einari Bergmann, Péttri Valdi-
marssyni, Grétari Haraldssyni, Gunnari Sæmundssyni, Þórarni
Árnasyni og Tómasi Zoëga málskostnað fyrir Hæstarétti, 3.500.00
krónur til hvers þeirra.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða uppboðsgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Haukur Leósson, greiði stefndu Gjaldheimtunni
í Reykjavík, Útvegsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h/f,
Olíufélaginu Skeljungi h/f, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins,
Jóni Magnússyni, Boga Ingimarssyni, Guðmundi Jónssyni,
Magnúsi Fr. Árnasyni, Ara Ísberg, Huxley Ólafssyni, Diðrik
Sigurðssyni, Jóni Ingólfssyni, Einari Bergmann, Péttri Valdi-
marssyni, Grétari Haraldssyni, Gunnari Sæmundssyni, Þórarni
Árnasyni og Tómasi Zoëga málskostnað fyrir Hæstarétti,
3.500.00 krónur til hvers þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara og
Guðmundar Skaftasonar, setts hæstaréttardómara**

Á uppboðsþingi 4. september 1980 var uppboðspoli ekki staddur,
og er ekki vitað um það, hvort hann vissi um uppboðsbeiðni eða
aðrar framkomnar uppboðskröfur. Er þing skyldi næst heyja um
málið, en ekki er ljóst af málsgögnum, hvort það var 29. september
eða 29. október 1980, var ekki mætt af hálfu neins af aðiljum upp-
boðsmálsins. Féllu þinghöld niður allt til 2. apríl 1981, er dómþing

er næst háð og þá til sölu á eigninni að undangengnum auglýsingum í dagblaði. Þar var áfrýjandi mættur, en naut ekki aðstoðar lögmanns, og ekki verður af bókunum í þingbók ráðið, að hann hafi notið leiðbeininga dómara. Ekkert var þá bókað um samhengi milli þinghaldsins 4. september 1980 og sölupinghaldsins 2. apríl 1981. Það er fyrst í þinghaldi 23. mars 1982, er halda skyldi annað og síðasta uppboð á eigninni, að bókað er í þingbók, að málinu hafi verið frestað fjórum sinnum utan réttar milli 4. september 1980 og 2. apríl 1981.

Eins og að framan greinir, var ekki mætt af hálfu neins af sóknaraðiljum, er annað dómþing skyldi heyja í málinu, og forföllum ekki lýst eða önnur réttlætning tilgreind, hvorki fyrr né síðar.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 118. og 223. gr. laga nr. 85/1936, varð málátillbúnaður sóknaraðilja í héraði Útvegsbanka Íslands, Sparisjóðs vélstjóra, Einars Viðar hæstaréttarlögmanns vegna Gísla Sveinssonar og Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns vegna Diðriks Sigurðssonar af þessum sökum ónýtur, og bar uppboðshaldara að fella málið niður. Bókun uppboðshaldara í þinghaldi 23. mars 1982, er halda skyldi annað og síðasta uppboð á eigninni, nærfellt ári eftir að uppboð á eigninni hafði farið fram, þar sem segir: „. . . var því sölupingi frestað fjórum sinnum utan réttar, síðast til 2. apríl 1981,“ breytir ekki þessari stöðu.

Ber því þegar af þessari ástæðu að ómerkja málsmeðferð alla frá þingfestingu málsins hinn 4. september 1980 og synja um framgang nauðungarsölnunnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.